

A close-up photograph of several peacock feathers, showing their intricate patterns and vibrant colors of blue, green, and gold. The feathers are arranged in a fan-like pattern, filling the upper half of the page.

STOFNUN ÁRSINS 2018



Stofnun ársins 2018

Framkvæmd Stofnun ársins – Borg og Bær



Framkvæmd könnunarinnar „Stofnun ársins – borg og bær“ var með sambærilegu sniði í ár og fyrri ár.

Stofnun ársins 2018 var valin með þeim hætti að spurningalisti var lagður fyrir starfsfólk sviða og fyrirtækja Reykjavíkur, Akraness og Seltjarnarness þar sem starfsfólk var innt eftir mati á innra starfsumhverfi síns vinnustaðar. Mælingin náði til níu mismunandi þátta í starfsumhverfinu, en með því að láta mælinguna ná til margra þátta fæst heilsteyp mynd af innra starfsumhverfi vinnustaðanna.

Þáttagreining (e. factor analysis) var notuð til að greina undirliggjandi þætti. Í þáttagreiningunni komu í megindráttum fram níu þættir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægjalstolt og janfrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttagreiningunni (sjá töflu 1).

Tafla 1: vægi þátta í heildareinkunn

Stjórnun	18%
Starfsandi	13%
Launakjör	7%
Vinnuskilyrði	12%
Sveigjanleiki vinnu	9%
Sjálfstæði í starfi	9%
Ímynd stofnunar	10%
Ánægja/stolt	11%
Janfrétti	12%

Heildarfjöldi stofnana sem komst á blað nú var 28. Þeim fækkar annað árið í röð, en í fyrra uppfylltu 35 stofnanir skilyrði um svarhlutfall.

Alls fengust svör frá tæplega 1.320 félagsmönnum og var svarhlutfall 39%.

Að baki valinu á „Stofnun ársins – borg og bær“ liggja tæplega 735 svör. Til að stofnun nái inn á listann þarf svarhlutfall að vera að lágmarki 35%. Þá þurfa að lágmarki að berast fimm svör frá stofnunum með færri en 50 starfsmenn og að lágmarki 10 svör frá stofnunum með 50 eða fleiri starfsmenn.

Almennt viðmið í könnuninni varðandi

þátttöku er að hún nái til félagsmanna St.Rv. sem eru ráðnir í starfshlutfall, þ.e. ekki í tímavinnu og hafa verið félagsmenn í a.m.k. fjóra mánuði.

Helstu niðurstöður – St.Rv.

Stofnun ársins - Borg og bær er valin í tveimur flokkum líkt og síðustu ár. Flokkarnir skiptast í stærri stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri og minni stofnanir, með 5-49 starfsmenn. Í flokki stærri stofnana bar Norðlingaskóli sigur úr bítum með einkunnina 4,56 en skólinn náði ekki lágmarkssvörin í fyrra. Í flokki minni stofnana er Leikskólinn Vallarseli Akranesi í fyrsta sæti með einkunnina 4,59 en þau sigruðu fyrir ári og voru í öðru sæti fyrir tveimur árum.

FYRIRMYNDARVINNUSTAÐIR

Í flokknum stærri stofnanir, með 50 starfsmenn eða fleiri, eru þrjár stofnanir valdar sem fyrirmyndastofnanir. Í ár eru það auk Norðlingaskóla, Frístundamiðstöðin Gufunesbær (sem einnig var í öðru sæti fyrir ári) og Orkuveita Reykjavíkur (sem var í þriðja sæti fyrir ári). Frístundamiðstöðin Tjörnin sem sigraði í fyrra er í fjórða sæti í ár. Frístundamiðstöðin Ársel var í fjórða sæti í fyrra en er í fimmta sæti í ár.

Fyrirmyndarstofnanir (50 starfsmenn eða fleiri)

1. Norðlingaskóli
2. Frístundamiðstöðin Gufunesbær
3. Orkuveita Reykjavíkur

Í flokknum minni stofnanir, með 5-49 starfsmenn, eru einnig valdar þrjár stofnanir en þær eru auk leikskólans Vallarsels Akranesi, Aðalskrifstofa Akraneskaupstaðar og Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Fyrirmyndarstofnanir (Færri en 50 starfsmenn)

1. Leikskólinn Vallarsel Akranesi
2. Aðalskrifstofa Akraneskaupstaðar
3. Borgarsögusafn Reykjavíkur

HÁSTÖKKVARAR

Hástökkvari könnunarinnar er *Barnavernd Reykjavíkur*. Við útreikning á hástökkvurum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og þá er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára. Barnavernd Reykjavíkur hækkar þar mest milli ára.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.

UM KÖNNUNINA

Val á stofnun og fyrirtæki ársins er samstarfsverkefni margra aðila: St.Rv., SFR, VR og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Um er að ræða eina stærstu vinnumarkaðskönnun sem unnin er hér á landi. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægan samanburð við aðrar stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði.

TILGANGUR KÖNNUNARINNAR

Tilgangur með vali á stofnun er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannauðs. Þá veitir könnunin stjórnendum tæki til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi. Að lokum veitir könnunin aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

Nánari upplýsingar

Þátttökustofnunum gefst kostur á að fá nánari skýrslu frá Gallup með gögnum fyrir sína stofnun, svo framarlega sem þátttaka starfsmanna uppfyllir skilyrði um lágmarkssvörin. Í þeirri skýrslu er gerð ítarleg greining á niðurstöðum könnunarinnar. Í henni er m.a. borin saman meðaltalseinkunn hversrar spurningar hjá viðkomandi stofnun við meðaltalseinkunn allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við. Þeir sem hafa áhuga á frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Mörtu Gall Jørgensen (marta.jorgensen@gallup.is) eða Tómas Bjarnason (tomas.bjarnason@gallup.is) hjá Gallup.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
óskar starfsmönnum og stjórnendum Stofnana ársins
- Borg og Bær, Fyrirmyndarstofnana og Hástökkvara
innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

STÆRRI STOFNANIR (50 starfsmenn eða fleiri)

1. sæti **STOFNUN ÁRSINS - Borg og Bæ 2018**
Norðlingaskóli - Einkunn: 4,56
2. sæti **STOFNUN ÁRSINS - Borg og Bæ 2018**
Frístundamiðstöðin Gufunesbær - Einkunn: 4.46
3. sæti **STOFNUN ÁRSINS - Borg og Bæ 2018**
Orkuveita Reykjavíkur - Einkunn: 4.43

MINNI STOFNANIR (49 starfsmenn eða færri)

1. sæti **STOFNUN ÁRSINS - Borg og Bæ 2018**
Leikskólinn Vallarsel á Akranesi - Einkunn: 4.59
2. sæti **STOFNUN ÁRSINS - Borg og Bæ 2018**
Aðalskrifstofa Akraneskaupstaðar - Einkunn: 4.14
3. sæti **STOFNUN ÁRSINS - Borg og Bæ 2018**
Borgarsögusafn Reykjavíkur - Einkunn: 4.12

HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2018

Barnavernd Reykjavíkur



Stofnun ársins - Borg og Bær 2018

Stofnun ársins – borg og bær

NIÐURSTÖÐUR STOFNANA Á LISTA

Meðaleinkunn allra stofnana sem eru á lista yfir stofnun ársins er 3,96 – sem er lítilsháttar hækkan frá því fyrir ári en þá var hún 3,93. Heildareinkunn hefur þó hækkað umtalsvert frá því að Stofnun ársins – borg og bær var fyrst mæld árið 2012, eða um 0,18 stig á kvarðanum 1-5.

Af þáttunum níu sem mældir voru fengust hæstu einkunnir á þáttunum „Sjálfstæði í starfi“ (4,24), „Sveigjanleiki“ (4,18) og „Starfsandi“ (4,18). Sömu þættir fengu hæstu einkunn í fyrra. Lægst einkunn fékkst á þættinum „Launakjör“ (2,72) – líkt og áður. Mestar hækkanir milli ára, ef skoðaðar eru stofnanir sem komust á lista, eru á þáttunum „Launakjör“, „Ánægja og stolt“ og „Stjórnun.“ Ekki mælist markverð lækkun á neinum þætti (sjá mynd 1).

MIKIL BREYTING FRÁ 2012

Ef skoðuð er þróun einkunna á þáttunum frá 2012 meðal stofnana sem komast á lista ár hvert má sjá miklar breytingar á öllum þáttum. Heildarmeðaltalið hækkar um 0,25 (á kvarðanum 1-5). Þeir þrír þættir sem hækka mest eru launakjör, stjórnun og þá ánægja og stolt. Minnst hækkan er á þættinum ímynd.

Skýring við mynd 2: Breyting á einkunnum allra þátta (kvarði 1-5) frá 2012 – Jafnréttisþátturinn er ekki með á myndinni, enda var hann mældur fyrst 2016


JAFNRÉTTI HÆKKAR MIKIÐ FRÁ 2017

Sá þáttur sem mest hækkar frá síðasta ári er jafnréttisþátturinn sem hækkar um 0,16 stig. Þetta er mikil breyting þó dæmi séu um álíka miklar breytingar milli ára. Sem dæmi þá hækkaði þátturinn launakjör um 0,15 stig í fyrra. Jafnréttisþátturinn var fyrst mældur 2016 en hefur hækkað tvö síðustu ár.


STARFSFÓLK STÆRRI STOFNANA ÁNÆGDARA EN MINNI STOFNANA

Líkt og áður er stofnunum skipt eftir stærð þeirra, þ.e. fjölda starfsmanna. Fleiri stofnanir eru í stærri flokknum (50 starfsmenn eða fleiri) eða 18 stofnanir en 10 í þeim minni (færri en 50 starfsmenn).


Nokkuð óvenjulegt er að sjá að stórar stofnanir fengu betri útkomu en minni stofnanirnar á öllum þáttum. Mestu munar á þættinum ímynd, þá launakjörum og svo stjórnun (sjá mynd 2).



Mynd 1: Einkunnir allra þátta (kvarði 1-5) fyrir 2018 og 2017 – einkunnir 28 stofnana á lista



Mynd 2: Hækkun á einkunnum allra þátta (kvarði 1-5) frá 2012



Mynd 3: Einkunnir allra þátta eftir stærðarflokkun vinnustaða – einkunnir 28 stofnana á lista

Niðurstöður félagsmanna St.Rv.


Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þróun einstakra þátta frá síðustu könnun. Umfjöllunin byggist á öllum svörum St.Rv. félaga eða tæplega 1.200 svörum án tillits til þess hvort stofnun komst á lista eða ekki. Tölur víkja því frá niðurstöðum sem birtar eru fyrir stofnanir sem komust á lista.

Heildareinkunn allra þátta meðal St.Rv. félaga hækkar lítið milli mælinga. Heildareinkunn í ár er 4,0 en var 3,9 í fyrra og einnig árið þar á undan. Eins og áður sagði byggist mælingin á niðurstöðum níu þátta og verður betur gerð grein fyrir stöðu og þróun þeirra hér á eftir.

STJÓRNUN

Stjórnun vegur þýngst í heildarmatinu á stofnun ársins. Lítilsháttar hækkun verður á þættinum og hækkar einkunn þáttarins um 0,08 stig milli ára. Þátturinn er byggður á 10 spurningum. Ein spurningin snýr að því hvort fólki finnst vinnustaðnum vel eða illa stjórnað og telja ríflega þrír af hverjum fjórum að vinnustaðnum sé vel stjórnað (sjá mynd 5).

Mat á stjórnun er jákvæðara meðal kvenna en karla og yngra fólks en eldra. Þá er jákvæðara mat á stjórnun meðal nýliða eða þeirra sem hafa starfað skemur en ár en neikvæðara meðal þeirra sem hafa starfað í meðallagi lengi á vinnustaðnum. Þá er meiri ánægja með stjórnun meðal starfsfólks með mannaforráð en starfsfólks án mannaforráða.




Mynd 5: Hversu vel er vinnustaðnum stjórnað – allir St.Rv. félagar

Stjórnun	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Kyn	Kona	Karl
Aldur	Yngri en 30 ára	50 ára eða eldri
Menntun	Háskólapróf	Grunnskólapróf auk viðbótar
Starfsaldur	Skemur en ár	4-7 ár / 8-10 ár
Staða innan stofnunar	Hærri stjórnendur	Almennt starfsfólk
Svið stofnunar	Akraneskaupstaður	Umhverfis og skipulagssvið
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

STARFSANDI

Mat á starfsanda hækkar einnig um 0,06 stig milli mælinga. Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda. Mikill meirihluti svarenda gefur starfsanda frekar góða eða mjög góða einkunn eða tæplega 80% (góð einkunn er einkunn á bilinu 3,5-5 á kvarðanum 1-5). Ein spurning í þættinum er hvort starfsandinn á vinnustaðnum sé venjulega afslappaður og óþvingaður, en ríflega 80% svarenda eru sammála þeirri fullyrðingu (sjá mynd 6).

Yngsti hópur svarenda gefur starfsanda hærri einkunn en aðrir aldurshópar, en elsti hópurinn gefur starfsanda lægstu einkunnina. Þá gefa háskólamenntaðir starfsanda hærri einkunn en hópar sem lokið hafa annarri menntun. Lægstu einkunnina gefur fólk með grunnskólapróf auk viðbótar.




Mynd 6: Starfsandinn er afslappaður og óþvingaður – allir St.Rv. félagar

Starfsandi	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Aldur	Yngri en 30 ára	60 ára eða eldri
Menntun	Lokið háskólanámi	Grunnskólapróf auk viðbótarmenntunar
Staða innan stofnunar	Hærri stjórnandi	Almennur starfsmaður
Svið stofnunar	Menningar- og ferðam.svið	Ráðhús skrifstofur
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

LAUNAKJÖR

Einkunn fyrir þáttinn launakjör hækkar um 0,11 stig milli mælinga og er einkunnin nú 2,68. Þetta er sá þáttur könnunarinnar sem ávallt mælist lægstur af þáttunum níu. Matið er byggt á þremur spurningum um ánægju með laun og sanngirni launa. Mest er ánægjan með launakjör hjá Seltjarnarnesi en minnst á Menningar- og ferðamálasviði (sjá mynd 7).

Karlar eru ánægðari með launin en konur. Yngsti hópur svarenda gefur einnig hærri einkunn á launabættinum en elstu aldurshóparnir. Þá er munur á svörum eftir því hvar fólk er í skipuriti og gefa hærri stjórnendur hærri einkunn á launabættinum en almennir starfsmenn.




Mynd 7: Hlutfall ánægðra með launakjör eftir sviði stofnunar – allir St.Rv. félagar

Launakjör	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Kyn	Karl	Kona
Aldur	Yngri en 30 ára	60 ára og eldri
Menntun	Lokið háskólanámi	Grunnskólapróf auk viðbótarmenntunar
Starfsaldur	Skemur en ár	11 ár eða lengur
Staða innan stofnunar	Hærri stjórnandi	Almennur starfsmaður
Svið stofnunar	Seltjarnarnes	Umhverfis- og skipul.svið
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

VINNUSKILYRÐI

Mat þátttakenda á vinnuskilyrðum hækkar um 0,06 stig frá síðasta ári og mælist ánægjan með vinnuskilyrði nú 3,64. Mat á vinnuskilyrðum er byggt á sex spurningum, um ánægju með vinnuaðstöðu, matar- og kaffiaðstöðu, lýsingu, tölvu- og tækjabúnað, loftgæði, öryggi og hljóðvist. Ánægja með tækja- og tölvubúnað hækkar lítillega milli mælinga. Hlutfall ánægðra var 65% fyrir ári en mælist nú 68% (sjá mynd 8).

Stjórnendur með mannaforráð eru mun ánægðari með vinnuskilyrði en starfsfólk án mannaforráða. Þá er munur á mati á vinnuaðstöðu eftir sviði stofnunarinnar, þar sem starfsfólk Akraneskaupstaðar er ánægðast með vinnuaðstöðu en óánægðast er starfsfólk á velferðarsviði.




Mynd 8: Ánægja með tölvu- og tækjabúnað – allir St.Rv. félagar


Vinnuskilyrði	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Svið stofnunar	Akraneskaupstaður	Velferðarsvið
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

SVEIGJANLEIKI VINNU

Einkunn fyrir sveigjanleika stendur nokkurn veginn í stað og er nú 4,16 en sveigjanleiki mældist 4,13 fyrir ári. Einkunnin er sett saman úr fimm spurningum. Sem dæmi þá er spurt hvort fólk hafi svigrúm til að útrétta í vinnutímanum, hvort fólk geti farið úr vinnu með litlum fyrirvara og hvort fólk geti tekið sumarfrí á þeim tíma sem því hentar. Nærri níu af hverjum tíu geta alltaf eða oftast farið úr vinnu með litlum fyrirvara til að sinna aðkallandi verkefnum (sjá mynd 9) og eru það heldur fleiri en í könnuninni fyrir ári. Nærri níu af hverjum tíu eru sammála því að þeir eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf (sjá mynd 10) en það eru lítið eitt færri sammála því en fyrir ári. Konur eru ánægðari með sveigjanleikann en karlar og þá er yngra fólk ánægðara með sveigjanleikann en eldra fólk.



Mynd 9: Ég get farið úr vinnu með litlum fyrirvara til að sinna aðkallandi erindum í einkalífi mínu – allir St.Rv. félagar




Mynd 10: Ég á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf – allir St.Rv. félagar

Sveigjanleiki	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Kyn	Kona	Karl
Aldur	Yngri en 30 ára	60 ára eða eldri
Svið stofnunar	Ráðhús skrifstofu	Velferðarsvið

SJÁLFSTÆÐI Í STARFI

Mæling á sjálfstæði í starfi stendur í stað frá síðustu könnun og fær einkunnina 4,22 en í fyrra fékk þátturinn einkunnina 4,21. Þátturinn mælir hversu góð tök fólki finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn starfsfólki finnst það hafa og þau áhrif sem fólk hefur í starfinu. Ríflega níu af hverjum tíu St.Rv. félögum telja sig hafa góð tök á öllum þáttum starfs síns (sjá mynd 11) og er það svipað hlutfall og fyrir ári. Ekki kemur fram munur á körlum og konum þegar kemur að sjálfstæði í starfi. Ekki er heldur mikill munur á aldurshópum, en hinsvegar er munur eftir starfsaldri og eru þeir sem hafa lengri starfsaldur með meira sjálfstæði í starfi en þeir sem unnið hafa skemur. Þá hafa stjórnendur meira sjálfstæði en almennir starfsmenn.




Mynd 11: Mér finnst ég hafa góð tök á öllum þáttum starfs míns – allir St.Rv. félagar

Sjálfstæði í starfi	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Staða innan stofnunar	Hærri stjórnandi	Almennur starfsmaður
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð
Starfsaldur	4-7 ár	1-3 ár

ÍMYND STOFNUNAR

Ímynd stofnunar hækkar um 0,09 stig frá síðasta ári. Ímynd mælist nú 3,98 en mældist 3,89 fyrir ári. Þrjár spurningar liggja að baki mælingu á ímynd, m.a. hvort viðskiptavinir hafi jákvæða afstöðu til vinnustaðarins, en ríflega fjórir af hverjum fimm eru sammála fullyrðingunni (sjá mynd 12).

Konur meta ímynd vinnustaðarins betri en karlar gera og yngra fólk telur ímyndina einnig betri en þeir sem eldri eru. Þeir sem eru með háskólamenntun meta ímyndina betri en þeir sem eru með grunnskólapróf auk viðbótar menntunar.




Mynd 12: Þegar á heildina er lítið hafa viðskiptavinir jákvæða afstöðu til vinnustaðarins – allir St.Rv. félagar

Ímynd stofnunar	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Kyn	Konur	Karlar
Aldur	Yngri en 30 ára	50 ára og eldri
Menntun	Lokið háskólanámi	Grunnskólapróf og viðb. menn
Staða innan stofnunar	Hærri stjórnandi	Almennur starfsmaður
Svið stofnunar	Menningar og ferðamálasvið	Umhverfis- og skipulagssvið
Stærð stofnunar	Færri en 20 starfsmenn	20-49 starfsmenn
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

ÁNÆGJA OG STOLT

Einkunn fyrir ánægju og stolt hækkar um 0,11 stig frá fyrra ári, mældist nú 4,20. Frá 2012 hefur einkunnin hækkað mest allra þátta, eða um 0,29 stig (á kvarðanum 1-5). Ríflega átta af hverjum tíu gefa ánægju og stolti góða einkunn (86%). Þátturinn samanstendur af spurningum sem snúa að stolti, ánægju og hvort starfsfólk er tilbúið að mæla með vinnustaðnum. Nærri fjórir af hverjum fimm geta mælt með sínum vinnustað (sjá mynd 13).

Konur gefa ánægju og stolti hærri einkunn en karlar og þá gefa yngri svarendur hærri einkunn á þættinum en eldri svarendur. Fólk með háskólamenntun gefur hæstu einkunnina en fólk með grunnskólapróf eða skemmri menntun gefur lægstu einkunnina.




Mynd 13: „Ég get mælt með vinnustaðnum sem góðum vinnustað við vini mína.“ – allir St.Rv. félagar

Ánægja og stolt	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Kyn	Konur	Karlar
Aldur	Yngri en 30 ára	60 ára og eldri
Menntun	Lokið háskólanámi	Grunnskólapróf eða minna
Starfsaldur	Skemmri en ár	4-7 ár og 11 ár eða lengur
Staða innan stofnunar	Hærri stjórnandi	Almennur starfsmaður
Svið stofnunar	Menningar og ferðamálasvið	Umhverfis- og skipulagssvið
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

JAFNRÉTTI

Einkunn fyrir jafnrétti hækkar um 0,07 stig og mælist nú 4,23. Þetta er í þriðja sinn sem þátturinn er mældur en um 86% félagsmanna St.Rv. gefa jafnrétti „góða einkunn“ (það er einkunn á bilinu 3,5-5,0 á kvarðanum 1-5). Þátturinn samanstendur af sex spurningum sem snúa að jafnrétti kynja, jafnréttisstefnu, jöfnum tækifærum, jafnræði almennt, hvort konur og karlar gegni ábyrgðarstöðum og fjölbreytni í starfsmannahópnum. Ríflega fjórir af hverjum fimm svarendum eru sammála því að skýr stefna sé á vinnustaðnum um jafnrétti kynja (sjá mynd 14).

Karlar eru sáttari við stöðu jafnréttis en konur og yngra fólk er ánægðara en eldra fólk. Þá eru stjórnendur sáttari við stöðuna en almennt starfsfólk.




Mynd 14: „Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynja.“ – allir St.Rv. félagar

Jafnrétti	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Kyn	Karlar	Konur
Aldur	Yngri en 30 ára	60 ára og eldri
Staða innan stofnunar	Hærri stjórnandi	Almennur starfsmaður
Svið stofnunar	Íþrótt- og tómstundasvið	Ráðhús skrifstofur
Stærð stofnunar	50 eða fleiri	Færri en 20 starfsmenn
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð

Munur milli karla og kvenna


Í könnuninni má sjá mun á svörum karla og kvenna á mörgum spurninganna. Konur gefa stjórnendum almennt betri einkunn en karlar gera. Þær eru einnig ánægðari í starfi en karlar og stoltari af vinnustaðnum. Þær upplifa einnig meiri sveigjanleika í vinnu en karlar gera. Karlar hafa á hinn bóginn jákvæðari viðhorf til

launakjara og telja að jafnréttismál séu í betra horfi en konur. Sem dæmi eru ríflega átta af tíu konum sammála því að bera fullt traust til stjórnenda, en ríflega sjö af hverjum tíu körlum (sjá mynd 15).




Mynd 15: Ég ber fullt traust til stjórnenda stofnunarinnar. – Hlutfall sem eru sammála fullyrðingunni – St.Rv. félagar

Þá segja konur að þeim líði betur í starfi en karlar gera og níu af hverjum tíu konum eru sammála fullyrðingunni um að þeim líði vel í starfi á móti um átta af tíu körlum.




Mynd 17: Það er ætlast til þess að ég vinni yfirvinnu sé þess þörf. – Hlutfall þeirra sem segjast alltaf eða oftast þurfa að vinna yfirvinnu sé þess þörf – St.Rv. félagar

Þá eru karlar ánægðari með jafnréttið á vinnustaðnum og fleiri karlar t.a.m. sammála því að þar fái karlar og konur sömu tækifæri til starfsframa (sjá mynd 18).



Mynd 16: Á heildina lítið líður mér vel í starfi mínu. – Hlutfall sem eru sammála fullyrðingunni – St.Rv. félagar

Þá eru konur ánægðari með sveigjanleika sinn hjá vinnustaðnum og karlar segjast t.a.m. oftast þurfa að vinna yfirvinnu þegar þess gerist þörf.



Mynd 18: Á mínum vinnustað finnst mér karlar og konur fá sömu tækifæri til starfsframa. – Hlutfall sammála – St.Rv. félagar

Samandregið, þá gefa karlar hærri einkunn en konur á tveimur þáttum: Launakjörum og jafnrétti. Konur gefa hærri einkunn en karlar á fjórum þáttum: Stjórnun, sveigjanleika, ímynd og ánægju og stolti. Jafnt er á með kynjunum á þremur þáttum: Sjálfstæði í starfi, starfsanda og vinnuskilyrðum.

SAMANBURÐUR Á MILLI STÉTTARFÉLAGA

Heildarniðurstaða félaganna tveggja, SFR og St.Rv. er mjög áþekkt og aðeins munur 0,05 stigum (á kvarðanum 1-5) á félögum tveimur. En þó munur á heildareinkunn sé lítill, er engu að síður mikill munur á félögum þegar kemur að tveimur þáttum; launakjörum og vinnuskilyrðum. Mat SFR félaga á launakjörum er mun jákvæðara en St.Rv. félaga og mat SFR félaga er einnig mun jákvæðara á vinnuskilyrðum en St.Rv. félaga. Á móti kemur að St.Rv. félagar gefa ímynd stofnunar, jafnrétti og stjórnun mun hærri einkunn en SFR félagar.



Samanburður þátta milli SFR og St.Rv.

	SFR 2018	St.Rv. 2018	VR 2017*
Heildarmeðaltal	3,98	4,03	4,21
Stjórnun	4,01	4,11	4,23
Starfsandi	4,20	4,26	4,40
Launakjör	3,03	2,65	3,43
Vinnuskilyrði	3,88	3,69	4,11
Sveigjanleiki vinnu	4,24	4,26	4,47
Sjálfstæði í starfi	4,25	4,30	4,37
Ímynd stofnunar	3,79	3,92	4,34
Ánægja og stolt	4,16	4,24	4,35
Jafnrétti	4,18	4,30	4,20

Niðurstöður VR verða ekki birtar fyrr en síðar í maí og því eru í þessum samanburði sýndar niðurstöður úr fyrirtæki ársins í fyrra (2017). Samanburðinn við VR leiðir í ljós að VR félagar hafa mun jákvæðari afstöðu til launa en félagsmenn SFR og St.Rv. Þá hafa félagsmenn VR einnig mun jákvæðari afstöðu gagnvart ímynd vinnustaðar en félagsmenn SFR og St.Rv.

*Einkunnir fyrir VR eru síðan á síðasta ári, þar sem niðurstöður VR verða birtar opinberlega síðar.

Einkunnir einstakra stofnana (alls 643 svarendur)

Stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4,074	4,18	4,28	2,73	3,74	4,27	4,31	4,02	4,30	4,33	
1. Norðlingaskóli	4,557	4,73	4,73	3,02	4,37	4,57	4,72	4,75	4,83	4,66	35-49%
2. Frístundamiðstöðin Gufunesbær	4,461	4,71	4,67	3,30	3,85	4,54	4,53	4,63	4,69	4,68	50-59%
3. Orkuveita Reykjavíkur	4,433	4,61	4,59	3,59	4,13	4,55	4,52	4,08	4,66	4,73	50-59%
4. Frístundamiðstöðin Tjörnin	4,403	4,58	4,61	3,22	3,92	4,26	4,47	4,68	4,66	4,68	50-59%
5. Frístundamiðstöðin Ársel	4,383	4,62	4,45	3,07	3,95	4,64	4,47	4,46	4,56	4,68	35-49%
6. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	4,313	4,29	4,33	3,41	4,32	4,41	4,58	4,19	4,47	4,54	70-79%
7. Frístundamiðstöðin Miðberg	4,155	4,33	4,37	2,71	3,58	4,22	4,35	4,31	4,39	4,54	60-69%
8. Borgarbókasafn Reykjavíkur	4,151	4,40	4,33	2,30	3,81	4,27	4,25	4,62	4,54	4,11	35-49%
9. Frístundamiðstöðin Kringlumýri	4,125	4,31	4,25	2,88	3,70	4,21	4,21	4,33	4,44	4,28	35-49%
10. Skrifstofa Skóla- og frístundasviðs Rvk.	3,930	4,34	4,29	2,87	3,91	4,08	4,20	2,90	4,25	3,81	60-69%
11. Landspítalinn - háskólasjúkrahús	3,921	4,13	4,32	1,70	3,45	4,35	4,32	3,74	4,18	4,23	35-49%
12. Höfði dvalar- og hjúrunarheimili	3,902	3,89	4,16	2,28	3,52	3,74	4,29	4,05	4,23	4,36	35-49%
13. Þjónustumiðstöð Vesturb., Miðb. og Hlíða	3,882	3,90	4,21	2,69	3,51	4,05	4,14	3,93	4,02	4,09	35-49%
14. Miðlæg stjórnsýsla í Reykjavík	3,860	3,96	4,05	2,49	3,68	4,38	4,08	3,59	4,04	3,99	50-59%
15. Faxaflóahafnir sf.	3,782	3,42	3,49	2,72	3,49	4,44	4,40	4,08	4,17	3,98	50-59%
16. Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	3,781	3,85	4,20	2,30	3,71	4,24	4,20	3,29	3,71	3,98	35-49%
17. Foldaskóli	3,736	3,67	4,07	1,75	3,13	4,28	3,95	3,90	3,90	4,38	35-49%
18. Strætó bs.	3,564	3,43	4,00	2,76	3,35	3,53	3,96	2,86	3,61	4,22	35-49%

Einkunnir einstakra stofnana (alls 50 svarendur)

Stofnanir með færri en 50 starfsmenn	Heildar-einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	3,942	4,00	4,22	2,52	3,59	4,25	4,28	3,73	4,14	4,25	
1. Leikskólinn Vallarsel Akranesi	4,590	4,82	4,87	2,75	4,49	4,55	4,85	4,80	4,90	4,52	80-100%
2. Aðalskrifstofa Akraneskaupstaðar	4,139	4,39	4,42	2,40	4,08	4,22	4,26	3,97	4,47	4,24	80-100%
3. Borgarsögusafn Reykjavíkur	4,119	4,20	4,36	2,12	3,96	4,26	4,36	4,55	4,39	4,20	35-49%
4. Höfuðborgarstofa	4,095	4,22	4,53	3,00	3,77	4,16	4,15	4,27	4,30	4,00	50-59%
5. Íþrótt- og tómstundasvið Seltjarnarness	4,063	4,12	4,08	2,85	2,84	4,09	4,93	4,36	4,45	4,57	35-49%
6. Listasafn Reykjavíkur	4,031	4,01	4,10	2,50	3,60	4,11	4,20	4,50	4,50	4,32	35-49%
7. Barnavernd Reykjavíkur	3,785	3,99	3,94	2,83	3,31	4,49	3,88	2,56	4,36	4,21	50-59%
8. Skrifstofa Velferðarsviðs Rvk.	3,746	3,73	4,17	2,30	3,40	4,02	4,33	3,33	4,00	3,96	50-59%
9. Félagsbústaðir hf.	3,664	3,41	3,65	3,03	3,87	4,28	3,99	3,27	3,34	4,17	80-100%
10. Bílastæðasjóður	3,191	3,13	4,05	1,44	2,55	4,30	3,92	1,67	2,67	4,35	35-49%

Stofnun ársins sérít

Ábyrgðarmaður:

Garðar Hilmarsson

Umsjón: Jakobína Þórðardóttir

Grettisgötu 89, 105 Reykjavík Sími: 525 8330

Netfang: strv@bsrb.is Veffang: strv.is

Skrifstofan er opin mán.- fös. kl. 9:00-16:00

Forsíðumynd: PIPAR

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



SSN númer 1670-5874



Einkunnir einstakra stofnana (alls 735 svarendur)

Stofnanir	Heildar-einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Röð 2017
Meðaltal	4,074	4,18	4,28	2,73	3,74	4,27	4,31	4,02	4,30	4,33		
1. Leikskólinn Vallarsel Akranesi	4,590	4,82	4,87	2,75	4,49	4,55	4,85	4,80	4,90	4,52	80-100%	1
2. Norðlingaskóli	4,557	4,73	4,73	3,02	4,37	4,57	4,72	4,75	4,83	4,66	35-49%	(-)
3. Frístundamiðstöðin Gufunesbær	4,461	4,71	4,67	3,30	3,85	4,54	4,53	4,63	4,69	4,68	50-59%	4
4. Orkuveita Reykjavíkur	4,433	4,61	4,59	3,59	4,13	4,55	4,52	4,08	4,66	4,73	50-59%	5
5. Frístundamiðstöðin Tjörnin	4,403	4,58	4,61	3,22	3,92	4,26	4,47	4,68	4,66	4,68	50-59%	3
6. Frístundamiðstöðin Ársel	4,383	4,62	4,45	3,07	3,95	4,64	4,47	4,46	4,56	4,68	35-49%	6
7. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	4,313	4,29	4,33	3,41	4,32	4,41	4,58	4,19	4,47	4,54	70-79%	7
8. Frístundamiðstöðin Miðberg	4,155	4,33	4,37	2,71	3,58	4,22	4,35	4,31	4,39	4,54	60-69%	10
9. Borgarbókasafn Reykjavíkur	4,151	4,40	4,33	2,30	3,81	4,27	4,25	4,62	4,54	4,11	35-49%	15
10. Aðalskrifstofa Akraneskaupstaðar	4,139	4,39	4,42	2,40	4,08	4,22	4,26	3,97	4,47	4,24	80-100%	(-)
11. Frístundamiðstöðin Kringlumýri	4,125	4,31	4,25	2,88	3,70	4,21	4,21	4,33	4,44	4,28	35-49%	8
12. Borgarsögusafn Reykjavíkur	4,119	4,20	4,36	2,12	3,96	4,26	4,36	4,55	4,39	4,20	35-49%	9
13. Höfuðborgarstofa	4,095	4,22	4,53	3,00	3,77	4,16	4,15	4,27	4,30	4,00	50-59%	(-)
14. Íþrótt- og tómstundasvið Seltjarnarness	4,063	4,12	4,08	2,85	2,84	4,09	4,93	4,36	4,45	4,57	35-49%	13
15. Listasafn Reykjavíkur	4,031	4,01	4,10	2,50	3,60	4,11	4,20	4,50	4,50	4,32	35-49%	17
16. Skrifstofa Skóla- og frístundasviðs Rvk.	3,930	4,34	4,29	2,87	3,91	4,08	4,20	2,90	4,25	3,81	60-69%	18
17. Landspítalinn - háskólasjúkrahús	3,921	4,13	4,32	1,70	3,45	4,35	4,32	3,74	4,18	4,23	35-49%	(-)
18. Höfði dvalar- og hjúkrunarheimili	3,902	3,89	4,16	2,28	3,52	3,74	4,29	4,05	4,23	4,36	35-49%	24
19. Þjónustumiðstöð Vesturb., Miðb. og Hlíða	3,882	3,90	4,21	2,69	3,51	4,05	4,14	3,93	4,02	4,09	35-49%	(-)
20. Miðlæg stjórnsýsla í Reykjavík	3,860	3,96	4,05	2,49	3,68	4,38	4,08	3,59	4,04	3,99	50-59%	(-)
21. Barnavernd Reykjavíkur	3,785	3,99	3,94	2,83	3,31	4,49	3,88	2,56	4,36	4,21	50-59%	33
22. Faxaflóahafnir sf.	3,782	3,42	3,49	2,72	3,49	4,44	4,40	4,08	4,17	3,98	50-59%	21
23. Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	3,781	3,85	4,20	2,30	3,71	4,24	4,20	3,29	3,71	3,98	35-49%	25
24. Skrifstofa Velferðarsviðs Rvk.	3,746	3,73	4,17	2,30	3,40	4,02	4,33	3,33	4,00	3,96	50-59%	14
25. Foldaskóli	3,736	3,67	4,07	1,75	3,13	4,28	3,95	3,90	3,90	4,38	35-49%	30
26. Félagsbústaðir hf.	3,664	3,41	3,65	3,03	3,87	4,28	3,99	3,27	3,34	4,17	80-100%	34
27. Strætó bs.	3,564	3,43	4,00	2,76	3,35	3,53	3,96	2,86	3,61	4,22	35-49%	28
28. Bílastæðasjóður	3,191	3,13	4,05	1,44	2,55	4,30	3,92	1,67	2,67	4,35	35-49%	35

Vinningshafar í happdrættinu

Fimm vinningar voru dregnir út úr innsendum svörum í apríl. Dregin voru tvö gjafabréf frá Icelandair að andvirði 50 þúsund krónur hvort, einn vinningur á Airwaves hátíðina (fyrir tvo) og helgardvöl í orlofshúsum St.Rv. utan úthlutunartíma (tveir vinningar).

Gjafabréf rá Icelandair:

Eydis Ósk Hilmarsdóttir og Kolbrún Hauksdóttir

Tveir miðar á tónlistarhátíðina Airwaves:

Viktoría Júlía Laxdal

Gjafabréf í orlofshúsi St.Rv. (utan úthlutunartíma):

Inga Eiríksdóttir

Andrea Jacobsen

St.Rv. óskar öllum vinningshöfum til hamingju og þakkar þátttökuna í könnuninni.





STOFNUN
ÁRSINS
2018

